



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Urðargata 15, 17, 19 og 21, Bjarkargata 7, 8, 11

Vesturbyggð, 24. apríl 2024
2404017 ESK

Efni: Grenndarkynning, Bjarkargata 10-12

Á 394. fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar þann 24. apríl 2023, var samþykkt að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi hafnar- og þjónustusvæðis á Patreksfirði í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur í sér að sameiningu lóða við Bjarkargötu 10 og 12 í eina lóð. Á lóðinni verður heimilt að reisa eitt hús að hámarki 322 m² með hámarkshæð 5,9 m. Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulaginu..

Fyrir breytingu var krafa um að hafa risþak með 5,5m hámarkshæð á risi og 4m vegghæð. Eftir breytingu þá er búið að sameina byggingarreitina svo að heimilt er að byggja eitt hús í stað tveggja áður. Byggingarmagn á lóðunum eykst ekki. Þá er í breytingunni tekin út krafa um risþak og heimilt að hafa einhalla þak á húsinu með hámarkshæð 5,9m. Leyfð hámarkshæð hússins er því hækkuð um 40cm.

Uppdrættir eru einnig til sýnis á skrifstofu byggingarfulltrúa Vesturbyggðar að Aðalstræti 75.

Frestur til að senda athugasemdir er til 22.maí 2024.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, eða rafrænt á vesturbyggd@vesturbyggd.is merkt „Bjarkargata 10-12“ .

Heimilt er að stytta tímabil grenndarkynningar hljótist undirritað samþykki íbúa fyrir áformunum, skv. 3. mgr., 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt er fyrir lóðarhöfum Urðargötu 15, 17, 19 og 21, Bjarkargötu 7, 8, 11.

Virðingarfyllt
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar